

Hafnarfirði, 4. desember 2020

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn!

Nú er kennslu lokið á þessum síðasta kennsludegi haustannar 2020 og verkefnavinna og lokapróf framundan. Próftímabilið hefst á **mánudag, 7. desember**, síðasti prófdagur er 15. desember og svo er prófsýning daginn eftir. Önnin hefur verið löng og ströng en nú sér loks fyrir endann á henni og við horfum vonandi fram á bjartari tíma með hækkandi sól. Öll lokapróf verða að þessu sinni rafræn og allir hafa lengdan próftíma sem er tvær klukkustundir.

Hvað prófin varðar þá er **tvennt sem ykkur ber að hafa í huga**:

Að tilkynna til skrifstofu skólans komi upp veikindi á prófdegi eða þið forfallist af öðrum ástæðum

Að láta skrifstofa skólans vita ef þið lendið í vandræðum með tölvubúnað eða nettengingu

Hvatningu vikunnar má sjá og heyra með því að smella á þennan hlekk.



Gangi ykkur öllum vel á lokasprettinum!

Erla

---

Erla S. Ragnarsdóttir  
Skólameistari Flensborgarskóla  
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland  
[www.flensborg.is](http://www.flensborg.is)  
S: +354 565 0400